

YTRI VENDING Á FÓSTRI Í SITJANDI STÖÐU

ICD-10 greiningar:

O32.0 Mæðrahjálþ vegna óstöðugar legu

O23.1 Mæðrahjálþ vegna sitjandastöðu

O32.2 Mæðrahjálþ vegna þverlegu eða skálegu

Ytri vending er gerð á kvennadeildum (Lsp, SAK og HVE Akranesi).

SITJANDISTAÐA

Við 37 vikna meðgöngu eru 3% fóstura með sitjandann/rassinn niður þ.e. eru í svokallaðri sitjandi stöðu. Ef grunur er um sitjandistöðu við 36-37 vikna meðgöngu er staðan könnuð með ómskoðun. Ómskoðunina má gera hjá ljósmóður/lækni í heilsugæslu.

Meiri líkur eru á eðlilegri fæðingu ef barn er í höfuðstöðu og því er ástæða til að bjóða ytri vendingu sem felst í því að snúa barninu í höfuðstöðu.

FRAMKVÆMD

Lega fósturs er staðfest með ómun og hjartsláttarrit tekið hjá fóstri. Stundum er gefið lyf (Bricanyl®) sem hindrar samdrætti í legi. Eftir það er fósturin snúið með ákveðnum handtökum utan frá á meðan fylgst er með hjartslætti þess og legu með ómun. Vending tekst í u.þ.b. 50 % tilvika og er þá stefnt að fæðingu um leggöng.

Ef eftirtalin atriði eiga við er ekki mælt með ytri vendingu:

- fylgja fyrirsæt eða lágsæt
- legvatn farið
- fjölburar
- grunur um fósturstreitu
- grunur um fylgjulos
- blæðing frá leggöngum síðustu 7 daga
- þverlega/óstöðug lega fósturs

Ýmislegt annað er metið af fæðingalækni t.d. ör á legi, sköpulagsgallar á legi, grunur um vaxtarskerðingu hjá fóstri eða minnkað legvatn.

Fylgikvillar eru mjög sjaldgæfir (< 1%) en þeir helstu eru samdrættir, legvatnsleki, tímabundin breyting á hjartslætti fósturs, blæðing eða fylgjulos.

Allar Rh neikvæðar konur sem ganga með Rh jákvæð fóstur fá mótefnasprautu (Rhopylac®) þegar ytri vending er gerð.

FÆÐING EFTIR VENDINGU

Ef vending tekst er stefnt að fæðingu um leggöng. Lega er könnuð við komu á fæðingadeild.

Ef vending tekst ekki er farið yfir valkosti, þ.e. fæðing barns í sitjandistöðu um leggöng eða keisaraskurður.

Mælt er með skoðun/ómun á mjaðmarliðum nýbura sem fæðast eftir vendingu sem tókst og einnig hjá þeim sem fæðast í sitjandistöðu.